



Líf mitt með öðrum

Að vera einhverfur

Fræðsla 2 – Líf mitt með öðrum

Jarprúður Þórhallsdóttir





Í dag (dagsetning) ætlum við að
halda áfram að tala um hvernig er að
vera einhverfur





Líf mitt með öðrum

Hljóð geta meitt einhverft fólk meira en aðra





Há og hvell hljóð og óvænt hljóð, til dæmis:

- Klappa saman höndunum





Há og hvell hljóð og óvænt hljóð, til dæmis:

- Skella hurð





Þetta sagði einhverfur maður sem ég talaði við:

„Hávær og hvellandi hljóð. Mér leið stundum illa út af svoleiðis hljóðum. Ég var rosalega hræddur við háværar vélar þegar ég var yngri. Til að byrja með var ég hræddur við hárpurrkuna hennar móður minnar sem er reyndar alveg rosalega hávær. Það er sláttuvélin úti í garði, það var þangað til ég var þriggja ára. Það var hjólsögin hans pabba. Ég var hræddur við hana þar til ég varð 12 ára út af hljóðinu. Það var alveg allt í lagi þegar ég var með heyrnartól á hausnum.”





Tónn í rödd getur verið mjög óþægilegur, til dæmis:

- Pirringstónn, skammartónn
- Skræk rödd
 - „Eins og hnífur sem sker í eyrun”
- Barnsgrátur

